

Aðalfundur UMFN, þann 26. mars 2013 kl. 20:00, í Njarðvíkurskóla

Mættir voru um 90 manns.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur

- Kosning fundarstjóra
- Kosning fundarritara

2. Fundargerð síðasta aðalfundar.

3. Skýrsla formanns og ársreikningar

- Skýrsla stjórnar
- Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2012

4. Heiðursviðurkenningar

5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

- Kosinn formaður
- Kosinn einn stjórnarmaður til tveggja ára
- Kosnir tveir varamenn
- Kosnir tveir skoðunarmenn

7. Önnur mál

8. Fundarslit

1. Þórunn formaður setur fundinn og leggur til að Böðvar Jónsson verði fundarstjóri og er það samþykkt samhljóða af fundargestum.

Böðvar tekur til máls, fer yfir birtingu fundarboðs. Fundurinn er haldinn nokkrum dögum of seint miðað við reglur félagsins, en þar sem fundargestir hafa engar athugasemdir við það er fundurinn talinn löglegur. Hann leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari, það er samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram.

3. a) Þórunn Friðriksdóttir les skýrslu stjórnar.

b) Ágústa Guðmarsdóttir féhirðir UMFN fer yfir ársreikning

Fundarstjóri býður fólki að taka til máls og spyrja varðandi skýrslu stjórnar eða ársreikning.

Steindór Gunnarsson spyr hvort að til sé sundurliðun yfir styrki til deilda, því var svarað að aftar í ársreikningunum væru sundurliðanir á þeim.

Gunnar Guðmundsson spyr hvernig þjálfarastyrkjum til deilda er háttað, hvort það sé miðað við fjölda iðkennda, því var svarað játandi.

Skýrsla stjórnar og ársreikningar félagsins voru samþykktir samhljóða af fundargestum.

4. Viðurkenningar

Júdómaður UMFN: Björn Lúkas Haraldsson.

Knattspyrnumaður UMFN: Einar Marteinnsson

Körfuknattleiksmaður UMFN: Elvar Már Friðriksson

Lyftingamaður UMFN: Daði Már Jónsson

Sundmaður UMFN: Árni Már Árnason

Þríþrautamaður UMFN: Rafnkell Jónsson

Íþróttamaður UMFN árið 2012: Árni Már Árnason

Mar. 26

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

Starfsviðurkenningu hlýtur að þessu sinni Andrés Þórarinn Ólafsson Eyjólfsson íþróttافرæðingur. Hann hefur af miklum krafti og dug komið inn í félagsstarfið okkar og unnið að uppbyggingu meðal yngri iðkenda. Hann kom á stofn í samvinnu við aðalstjórn félagsins Sport- og Ævintýraskólanum með dyggri aðstoð eiginkonu sinnar Jóhönnu Ingvarsdóttir. Í sumar fögnum við fimm ára afmæli skólans og munum bjóða upp á spennandi og metnaðarfulla dagskrá fyrir börnin líkt og á fyrri námskeiðum. Það er mér mikil ánægja að veita Formaður færði — Andrési þakkir okkar fyrir frábært samstarf sem við vonumst til að verði sem le lengst.

Formatted: Indent: Left: 1,25 cm

Félagsmenn sem hafa keppt og /eða starfað fyrir félagið í 10 ár eftir 16 ára aldur heiðrum við með bronsmerki UMFN. Í ár heiðrum við eftirtalda:

Thor Ólafur Hallgrímsson
Kristinn Örn Agnarsson

Félagsmenn sem hafa keppt og /eða starfað fyrir félagið í 15 ár eftir 16 ára aldur heiðrum við með silfurmerki UMFN. Í ár heiðrum við eftirtalda:

Einar Árni Jóhannsson
Friðrik Erlendur Stefánsson
Sævar Ingi Borgarsson

Félagsmenn sem hafa keppt og /eða starfað fyrir félagið í 20 ár eftir 16 ára aldur heiðrum við með gullsilfurmerki UMFN. Í ár heiðrum við eftirtalda:

Haukur Guðmundsson
Leifur Gunnlaugsson
Friðrik Pétur Ragnarsson

Ólafur Thordersen kemur og afhendir Ólafsbikarinn. Hann hlýtur:
Helgi Helgason

Helga G. Guðjónsdóttir flytur ávarp. Hún óskaði viðurkenningarhöfum til hamingju. Hún færði kveðju frá stjórn UMFÍ og óskaði félagsmönnum UMFN til hamingju með góðan árangur. Hún minnti á þau þrjú Landsmót sem eru haldin á árinu og hvatti

fundarmenn til að taka þátt. Hún hvatti ungt fólk til að skoða hvað er í boði hjá UMFÍ og taka þátt. Hún hvatti gesti fundarins til að vera dugleg að sækja um styrki til UMFÍ. Helga minntist á Lottó-tekjurnar og hversu mikilvæg fjáröflun það væri fyrir íþróttahreyfingu landsins og okkur bæri að standa vörð um það. Hún þakkaði fyrir vel unnin störf og hvatti gesti til að tala um þau sjálfbóðaliðastörf sem verið er að vinna í kringum íþróttahreyfinguna. Að lokum óskaði hún UMFN góðs gengis.

Helga afhenti starfsviðurkenningu UMFÍ til tveggja aðila, þeir eru:

Logi Halldórsson

Alexander Ragnarsson

Jóhann B. Magnússon formaður ÍRB flytur ávarp. Hann hrósaði félagsmönnum fyrir skýrslu stjórnar og óskaði þeim til hamingju með hana. Hann var ánægður með að aðalfundur félagsins væri smám saman að færast nær áramótum því þannig væri hægt að fylgjast betur með íþróttafélögunum í bænum. Hann talaði um mikilvægi þess að börn og unglingar stunduðu íþróttir, hann nefndi að heldur lágt hlutfall barna á grunnskólaaldri stundi íþróttir hér í Njarðvík miðað við á landsvísu, forsvarsmenn ÍRB hyggjast skoða þetta mál betur í samstarfi við félagið á næstunni.

Farið var yfir reglur um lagabreytingar, en engar breytingartillögur höfðu borist fyrir fundinn og því fellur þessi liður niður.

5. Böðvar kemur upp og stýrir kosningum á nýrri stjórn.

Þórunn Friðriksdóttir býður sig fram til formanns og er hún kosin samhljóða.

Ágústa Guðmarsdóttir og Ólafur Eyjólfsson voru kosin til tveggja ára stjórnarsetu í fyrra og sitja því áfram í stjórn.

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og Anna Andrésdóttir bjóða sig fram til stjórnar og eru þær kosnar samhljóða.

Sigríður Ragnarsdóttir, Thor Ólafur Hallgrímsson og Hermann Jakobsson bjóða sig fram til varastjórnar og eru þau kosin samhljóða.

Valþór Söring og Ingigerður Sæmundsdóttir bjóða sig fram til að vera skoðunarmenn reikninga, þau eru kosin samhljóða.

6. Önnur mál

Þórunn Friðriksdóttir tekur til máls. Hún sagði frá áskorun sunddeildar UMFN þess efnis að ákvörðun um lokun ljósabekkja yrði tekin af félagsmönnum á aðalfundi. Hún leggur til að málinu verði vísað til næsta formannafundar UMFN.

Guðbjörg Elsie Einarsdóttir tekur til máls. Erindi lagt fram frá sunddeild, stjórn sunddeildar fer fram á að kosið verði um það á aðalfundi hvort leggja eigi niður starfsemi ljósabekkja sunddeildar UMFN, eins og aðalstjórn hefur farið fram á.

Gunnar Guðmundsson tekur til máls. Honum finnst skrítið að ekki hafi verið haft samráð við félagsmenn um ákvörðun þess að leggja niður starfsemi ljósabekkja.

Fundarstjóri fer yfir það að nú liggji fyrir tillaga sunddeildar um að aðalfundur kjósi um málið og tillaga formanns aðalstjórnar um að málinu verði vísað til afgreiðslu á formannafundi.

Lúðvík Böðvarsson bendir á að ekki er alveg um sama málið að ræða. Tillaga aðalstjórnar snýst um sáttatillögu en tillaga stjórnar sunddeildar snýst um hvort leggja eigi niður ljósabekkina eða ekki.

Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður ÍRB tekur til máls. Hún talar um að rekstur sunddeildar sé ekki auðveldur og með því að taka út rekstur ljósabekkjanna sé verið að kippa fótunum undan sunddeild UMFN. Hún minnst á að það verði að tryggja öllum deildum fjárhagslegt sjálfstæði.

Friðrik Ragnarsson tekur til máls. Hann segir að það vera svívirða að sunddeild óski eftir 4 milljónum vegna lokunar ljósabekkjanna. Hann talar um að ljósabekkir séu krabbameinsvaldar og það passi ekki undir starfsemi ungmennafélags. Hann skilur

ekki hvers vegna formaður sundráðs ÍRB sé að skipta sér af innanfélagsmálum og spyr hvert peningarnir séu að fara.

Guðbjörg Elsie Einarsdóttir tekur til máls. Hún svarar Friðriki að ástæða þess að óskað sé eftir 4 milljóna króna styrkveitingar sé sú að það sé um það bil tveggja ára fjáröflun frá bekkjunum. Peningar frá ljósabekkjunum hafa ekki farið til Keflavíkur, þessi fjáröflun hefur gefið krökkunum rosalega mikið, hefur gert að verkum að það er hægt að halda úti starfi eldri krakkana og borga fyrir þá þjálfun sem þau fá. Hún minnst á að það sé búið að setja 18 ára aldurstakmark á notkun bekkjana og því sé bara fullorðið fólk sem noti þá. Velta var í kringum 1,8 milljón síðustu 4 ár en ein milljón á síðasta ári og tekjulækkunin hafi orðið vegna tilkynningar aðalstjórnar um að leggja ætti niður bekkina.

Jóna Guðrún Jónsdóttir tekur til máls. Hún vill lýsa furðu sinni á skorti á ungmennafélagsanda innan félagsins og leggur til að deildir innan félagsins standi saman. Hún lýsir yfir furðu sinni á aðalstjórn hafi tekið ákvörðun um að loka ætti ljósabekkjunum án þess að tala við stjórn sunddeilda.

Lúðvík Bárðarson tekur til máls. Honum finnst full mikið að kalla samningatillögur svívirðu og mætti allt eins kalla það svívirðu að taka þessa fjáröflun frá deildinni. Í sambandi við hvert peningarnir fara þá var það ekki auðvelt fyrir sunddeild UMFN að halda þessari fjáröflun fyrir sig við stofnun ÍRB, því öll önnur fjáröflun er sameiginleg.

Gunnar Guðmundsson tekur til máls. Honum lýst ekki á að fólk sé að æsa sig á fundinum. Honum finnst ósanngjarnt að gera þetta, að tala um krabbamein og hvað ljósabekkir geri, það sé hægt að fá krabbamein hvar sem er. Honum finnst að fólk eigi sjálft að ákveða hvort það fari í ljósabekki eða ekki, það sé bara fullorðið fólk sem megi sækja þá og spyr hvort þeir séu bannaðir með lögum. Biður fundargesti um að æsa sig ekki og taka málunum með stóískri ró.

Guðmundur Gunnarsson tekur til máls. Hann vill standa upp fyrir deild í Njarðvík, hann segist vera grænn af öfund yfir þessari milljón sem deildin fær í ágóða vegna ljósabekkjanna. Honum finnst undarlegt að það sé verið að taka svona stóra fjáröflun

af deild, og minnst á að fólk viti nákvæmlega hvaða áhrifum bekkirnir geta valdið og minnst á kaldan vetur á Íslandi þar sem skortur er á D-vítamíni.

Friðrik Ragnarsson tekur til máls. Hann er ekki á móti ljósabekkjum, finnst að fólk megi fara í ljósabekki eða reykja eða annað slíkt en það sé ekki rétt að það sé gert undir merkjum ungmennafélags.

Guðbjörg Elsie Einarsdóttir tekur til máls. Hún bendir á að á einum fundi sem haldinn var með aðalstjórn var spurt hvort það mætti reka bekkina undir öðru nafni og annari kenntölu í húsinu og svarið hefði verið nei.

Ólafur Thordersen tekur til máls. Hann er hissa á umræðunni, menn tali um ungmennafélagsanda og séu hissa á fundinum. Hann tekur undir tillögu aðalstjórnar um að vísa tillögunni til formannafundar og finnst að það sé anda ungmennafélaga að ræða málin þar.

Þórunn Friðriksdóttir tekur til máls. Hún les úr bréfi frá samstarfshópi um sólarvarnir sem fagnar því að UMFN vilji leggja niður rekstur ljósabekkjja. Þar er einnig talað um að ljósabekkir séu krabbameinsvaldandi og að tíðni húðkrabbameins hafi aukist mikið undanfarið.

Steindór Gunnarsson tekur til máls. Hann ætlaði ekki að koma hér upp því sunddeildin er búin að vera hans ær og kýr í mörg ár, honum finnst þetta vera aðför að sunddeildinni. Hann minnst á að áfengisneysla sé viðhöfð [á skemmtunum sem haldnar eru](#) undir merkjum félagsins og ýmislegt annað sem er ekki hollt og gott, hann vill að þetta verði gert lýðræðislega.

Lúðvík Bárðarson tekur til máls. Honum finnst skondið að formaðurinn komi með eitt plagg úr þessari umræðu á milli stjórnanna, hann gæti komið með hálf tíma ræðu um það sem er búið að fara fram á milli þeirra. Hann bendir á að samráðshópur um sólarvarnir sé formlega ekki til.

Helga G. Guðjónsdóttir tekur til máls. Hún segir að þar sem peningar eru þar komi oft vandamál. Hún heyrir að þetta er mikið vandamál. Hún bendir á lög félagsins og þar

Mar. 26

FUNDARGERÐ UNGMENNAFÉLAG NJARÐVÍKUR

standi að félagið eigi að stuðla að heilbrigðu lífverni. Einnig minnst hún á lög um starfssvið deila og að hver deild eigi að vera fjárhagslega sjálfstæð. Hún segir því að bæði aðalstjórn og stjórn sunddeildar hafi lögin sín megin. Hún leggur til að málið verði tekið fyrir á formannafundi, það sé í anda laganna og komi til móts við báða aðila. Með því að taka þetta fyrir á formannafundi hafi sunddeildin samningsmöguleika en ef kosið er um þetta á fundinum er sunddeildin að afsala sér samningsmöguleikum, þá verði bara kosið um hvort bekkirnir verði eða fari.

Fundarstjóri minnir á að aðalfundur hefur alltaf æðsta vald.

Guðbjörg Elsie Einarsdóttir tekur til máls. Sunddeild hefur ákveðið að draga tillöguna til baka og að þetta fari í samningaferli á formannafundi, en þau óska jafnframt eftir því að ef það eru bara formenn á fundinum fái stjórn sunddeildar að heyra ákvörðunina áður en hún er lögð fram. Fundarstjóri svarar því að formannafundurinn taki ákvörðun.

Fundarstjóri segir að það ætti að vera ásættanleg leið að leysa málið á formannafundi

Jóna Guðrún Jónsdóttir tekur til máls: Hún segist hafa farið á marga aðalfundi en fundarmenn hafi ekki verið svona æstir á aðalfundi hjá ungmennafélagi. Hún hvetur leggur fram tillögu til aðalstjórnar um til að hún markar sér sérstaka forvarnarstefnu. Hún spyr hvað félagið vilji, hvort það megi t.d. hafa vín um hönd í veislum félagsins og reykja fyrir utan íþróttahúsið.

Umræðum lokið.

Tillaga frá formanni félagsins um að málið verði tekið fyrir á næsta formannafundi UMFN er lögð fyrir fundargesti. Tillagan er samþykkt samhljóða.

7. Þórunn þakkar fyrir fundinn og óskar nýrri stjórn til hamingu og vonar að það gangi vel á næsta ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:38.